

## Formasúpa

sjá myndir á næstu blaðsíðu

### Efni:

- Hlið úr pappakassa eða annað hart undirlag í stærð A2
- Karton í stærð A2
- Blýantur og litir
- Bókplast
- Plöstunarfél og plast í hana
- Skæri
- Teningur sem er auður (þarf að teikna á hann)
- Permanent marker tússpenni (betra að nauta penna fyrir tau því hann er varanlegri)

### Aðferð:

- Á kartonpappírinn þarf að teikna norn, potta og form í pottana (sjá mynd). Gott er að teikna einn pott og hafa sem skapalón því það þarf að hafa fimm potta á spjaldinu. Potturinn er ca. 24,5 cm. breiður efst, 8 cm. breiður neðst og hæðin á honum er um 14 cm. Pottur er svo teiknaður í öll horn og svo einn í miðjuna. Fyrir ofan pottinn í miðjunni er teiknuð norn (eða eitthvað annað sem þið viljið frekar)Pottarnir eru litaðir gulir, rauðir, grænir og bláir en potturinn í miðjunni er marglitur. Inn í alla pottana eru svo teiknuð tvisvar sinnum fimm form í sömu litum og potturinn er. (gott að lita pottana með trélitum en formin með tússlitum) Við þetta notaði ég sem skaplón minni kubbana sem má finna í rökkubbasettinu sem má finna víða. Ef þið eigið ekki rökkubbakassa þá eru formin ca: ferningur 3x3 cm. hringur 3x3 cm. þríhyrningur 4 cm. sexhyrningur 3,2 cm og rétthyrningur 4x2 cm.
- Laus form gerð á blað, jafnmörg og eru samtals í pottunum fimm. Hægt er að gera þau í tölvu en ég notaði sömu aðferð og ég notaði við að teikna formin inn í pottana. Formin eru lituð á báðum hliðum í sömu litum og pottarnir eru, klippt út, sett í plast og í gegnum plöstunarfélina. Klippt aftur.
- Formin fimm eru teiknuð á teninginn og sjötta hliðin þarf að tákna nornina og má t.d. setja doppur eða rendur þar.

### Spilið:

- Spilið er fyrir tvo til fimm. Ef fimm spila þá er einn nornin en auðvelt er að spila spilið án nornarinnar. Hvert barn hefur einn pott og fær lausu formin í sama lit. Skipst er á að kasta teningnum. Ef t.d. hringur kemur upp á að setja hring í sinn pott. Ef merki nornarinnar kemur upp fær nornin eitt form (skiptir ekki máli hvaða) í sinn pott. Ef barn er t.d. búið að fá báða ferningana í sinn pott og ferningur kemur aftur á teninginn getur hann ekkert gert og næsti á að gera. Leikurinn gengur út á að keppni um það hvort eitt barn fyllir sinn pott af formum áður en nornin fyllir sinn pott. Ef enginn spilar fyrir nornina setur sá sem er með teninginn form í pottinn hjá norninni ef það tákn kemur upp á teningnum.

